Ed. **219. Fyrirspurn**

til landsstjórnarinnar um hlutfallið milli eyðslu landssjóðs til starfsmannahalds og verklegra framkvæmda síðan árið 1900.

Flutningsm.: Jónas Jónsson.

1. Hve mikið af tekjum sínum hefir landssjóður hvert hið tilfærða ár notað til starfsmannahalds viðkomandi stjórn landsins eða uppeldi, og hve mikið til verklegra framkvæmda?

2. Hve fjölmenn hefir hver starfsmannastjett verið hvert þetta ár, hve há meðallaunin og hve mikill hundraðshluti af tekjum landssjóðs hefir gengið til að launa hverri einstakri launamannastjett, læknum, kennurum, dómurum og löggæslumönnum, prestum, póstum og póstmönnum, símamönnum, vitaþjónum, skrifstofumönnum o. s. frv.?

3. Hve mikil upphæð og hve mikill hundraðshluti af landssjóðstekjum hvert þessara ára hefir gengið til verklegra framkvæmda, í opinberar byggingar, vegi, síma, brýr, bryggjur og brimgarða, vita og jarðræktarfyrirtæki?